# Starfsemi Vinnuskóla Reykjanesbæjar og framtíðarsýn


VR
VINNUSKÓLI REYKJANESBÆJAR
Markmið og Gildi
Virkni
Ungmenni fá tækifæri til að taka þátt í atvinnulífinu í heilbrigðu umhverfi
Ábyrgð
Ungmenni bera ábyrgð á framkomu sinni og vinnuframlagi
Samvinna
Ungmenni fá tækifæri til að mynda ný tengsl og efla samskiptahæfni sína
Virðing
Ungmenni beri virðingu fyrir samstarfsfólki sínu og umhverfi

# Starfsemin

- Fyrsta starf ungmenna
- Virkni, forvarnir og fræðsla í fyrirrúmi
- Jafnrétti og hvetjandi umhverfi
- Jákvæðir leiðtogar



# Verklegt skipulag og ábendingarvefur

Excel Grunnskólar 2022 - Saved to OneDrive

C25 | Heiðarskóli, lóðin og beð

| | A | B | C | D | E |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Heiðarskóli | | 8. bekkur (14 nemendur) | 9. bekkur (26 nemendur) | 10. bekkur (17 nemendur) |
| 2 | laugardagur | 18.jún | | | |
| 3 | sunnudagur | 19.jún | | | |
| 4 | mánudagur | 20.jún | Suðurvellir & Drangavellir | Heiðarból og inn smágöturnar | Vesturgata og beð við Vesturgötu |
| 5 | þriðjudagur | 21.jún | Elliðavellir & Álsvellir | Heiðarhvammur og inn smágöturnar | Vesturgata og beð við Vesturgötu |
| 6 | miðvikudagur | 22.jún | Heimavellir, Bjarnavellir & Eyjavellir | Leiksvæði við Smáratún og Hátún | Aðalgata & beð við Aðalgötu |
| 7 | fimmtudagur | 23.jún | Ruslahreinsun & beð við Heiðarskóla | Leiksvæði við Smáratún og Hátún | Aðalgata & beð við Aðalgötu |
| 8 | föstudagur | 24.jún | | | |
| 9 | laugardagur | 25.jún | | | |
| 10 | sunnudagur | 26.jún | | | |
| 11 | mánudagur | 27.jún | Norðurvellir | Heiðarbraut, Heiðargil & Heiðarbakki | Beð við Heiðargil og Heiðarbakka |
| 12 | þriðjudagur | 28.jún | Norðurvellir | Heiðarhorn & beð við heiðarhorn | Beð við Heiðargil og Heiðarbakka |
| 13 | miðvikudagur | 29.jún | Óðinsvellir og Bragavellir | Heiðarholt & Heiðarendi | Beð við Heiðarból |
| 14 | fimmtudagur | 30.jún | Freyjuvellir, Týsvellir og Ránarvellir | Háteigur & göngustígar inn á Háteig | Beð við Heiðarból |
| 15 | föstudagur | 1.júl | | | |
| 16 | laugardagur | 2.júl | | | |
| 17 | sunnudagur | 3.júl | | | |
| 18 | mánudagur | 4.júl | Þórsvellir og Sjafnarvellir | Smáratún, Vörðubrún & Hátún | Vesturgata & beð við Vesturgötu |
| 19 | þriðjudagur | 5.júl | Ægisvellir og Gígjuvellir | Leiksvæði við Smáratún og Hátún | Vesturgata & beð við Vesturgötu |
| 20 | miðvikudagur | 6.júl | Arfahreinsun á göngustígum á svæðinu | Vesturgata & beð við Vesturgötu | Heiðarendi og Heiðargil |
| 21 | fimmtudagur | 7.júl | Ruslahreinsun í móanum & hverfinu | Vesturgata & beð við Vesturgötu | Heiðarholt + leiksvæði við Heiðarholt |
| 22 | föstudagur | 8.júl | | | |
| 23 | laugardagur | 9.júl | | | |
| 24 | sunnudagur | 10.júl | | | |
| 25 | mánudagur | 11.júl | Heiðarskóli, lóðin og beð | Aðalgata & beð við Aðalgötu | Heiðarbraut, Heiðargil & Heiðarbakki |
| 26 | þriðjudagur | 12.júl | Heiðarskóli, lóðin og beð | Aðalgata & beð við Aðalgötu | Heiðarhorn & beð við Heiðarhorn |





9/10 holta
ÓSTÖÐVANDI
8.9.10 Heiðarskóli
9-10 holta
8.B MYLLA
8.B MYLLA
8.B MYLLA
9&10.B MYLLA
9-10 holta
8-9 bekkur Heiðarskóli
Fræðsludagur Vinnuskólans 2022
8. B NJARÐVÍKURSKÓLI


Aníta Lind's post
+295
Like
Comment
Send
Bryndís Lúðvíksdóttir and 433 others
Most recent
Hildur Ellertsdóttir
Vel að verki staðið! Glæsilegt!
1 y Like Reply
Sigfríður Sigurðardóttir
Vinnuskóli Reykjanesbæjar
4 Jul 2019 ·
Garðyrkjuhópur 👏 Vá!
+37
192
28 comments
Vinnuskóli Reykjanesbæjar
31 May 2019 ·
Flokkstjórarnir eiga mikið hrós skilið fyrir vel unnin störf síðastliðnar tvær vikur 🙌
+37
151
19 comments
Vinnuskóli Reykjanesbæjar
20 Jul 2018 ·
Skrúðgarður Njarðvíkur tekinn í gegn.
Ótrúlega vel unnið verk af fl... See more
+32
237
29 comments
Nú eru flokkstjórar sumarsins byrjuð að taka til hendinni í Skrúðgarðinum í Keflavík. Flottur hópur!
+14
106
4 comments
added 91 new photos to the album Vinnuskólinn Sumarið 2018.
14 Jun 2018 ·
+88
165
34 comments

# Samstarfsverkefni 2023

| Að vinna með börnum | Íþróttafélögin | Annað |
|---|---|---|
| 1. Leikskólinn Akur | 1. Fimleikadeild Keflavíkur | 1. Skjólið og Ævintýrasmiðja |
| 2. Leikskólinn Garðasel | 2. Körfuknattdeild Keflavíkur | 2. Ungmennaráð Reykjanesbæjar |
| 3. Leikskólinn Gimli | 3. Knattspyrnudeild Keflavíkur | 3. KFUM og KFUK |
| 4. Leikskólinn Stapaskóli | 4. Körfuknattdeild Njarðvíkur | 4. Keflavíkurkirkja |
| 5. Leikskólinn Tjarnasel | 5. Knattspyrnudeild Njarðvíkur | 5. Reiðskóli Mána |
| 6. Leikskólinn Völlur | 6. Sundráð Reykjanesbæjar | 6. Dósasel |
| 7. Listaskóli barna | | 7. Bókasafn Reykjanesbæjar |
| 8. Listasmiðja Fjörheima | | |
| 9. Leikjaskóli Keflavíkur | | |
| 10. Sport og ævintýraskólinn | | |

## Samstarfsaðilar Vinnuskóla Reykjanesbæjar sumarið 2022

Fimleikadeild Keflavíkur, Gólfklúbbur Suðurnesja, Hjálpræðisherinn, Skjólið, Júdó, KFUM OG KFUK, Keflavíkurkirkja, Knattspyrnudeild Keflavíkur, Knattspyrnudeild Njarðvíkur, Kofabyggð, Körfuknattdeild Keflavíkur, Körfuknattdeild Njarðvíkur, Leikskólinn Akur, Leikskólinn Garðasel, Leikskólinn Gimli, Leikskólinn Hjallatún, Leikskólinn Skógarás, Leikskólinn Stapaskóla, Leikskólinn Tjarnasel, Leikskólinn Vesturberg, Leikskólinn Völlur, Listaskóli barna, Listasmiðja Fjörheima, Reiðskólinn Máni, Sunddeild Keflavíkur, Ungmennaráð Reykjanesbæjar, Leikjaskóli Keflavíkur, Sport og ævintýraskólinn.

Við þökkum samstarfið og hlýjar viðtökur, fyrir hönd Vinnuskóla Reykjanesbæjar

Aníta Lind Róbertsdóttir, Hreggviður Hermannsson og Stella Björk Einarsdóttir

420-3205 / vinnuskoli@reykjanesbaer.is

## Upplýsingar til samstarfsaðila Vinnuskóla Reykjanesbæjar 2022

Kæri samstarfsaðili Vinnuskóla Reykjanesbæjar,

Starfsfólki og nemendum Vinnuskólans þykir vænt um samstarf ykkar með okkur, að nemendur hafi þann valkost að sækja um að starfa hjá ykkur í stað hefðbundnar vinnu innan Vinnuskólans og fá þannig að kynnast raunverulegum atvinnumöguleikum og jafnvel vinna við sitt áhugamál. Það er okkur mikilvægt að samstarfsaðilar okkar séu vel upplýstir um hvernig samstarfið fer fram og sendum við því þetta bréf með okkar helstu upplýsingum.

Umsóknarferlið

Nemendur sækja um starf með aðstoð forráðamanna hjá Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Tíðkast hefur að nemendur eða forráðamenn hafa samband við ykkur samstarfsaðila Vinnuskólans sjálfir, og er það í ykkar höndum hvaða nemdendur þið takið að ykkur í vinnu. Í umsóknarforminu geta nemendur óskað eftir því að “vinna með börnum”, og erum við því með lista yfir nemendur sem hafa áhuga á að starfa hjá ykkur. Ykkur er velkomið að óska eftir þeim lista ef ykkur vantar nemendur í vinnu. **Athugið að Vinnuskóli Reykjanesbæjar býður einungis upp á störf fyrir grunnskólanema, en ekki 17 ára í sumar. Við komum til með að óska eftir yfirliti þann 1. júní yfir þá nemendur sem þið takið að ykkur.**

Vinnutímabil og vinnustundir Vinnuskólans

Nemendur í hefðbundnu starfi Vinnuskólans hefja störf mánudaginn 20. júní og ljúka störfum fimmtudaginn 28. júlí. Vinnutími Vinnuskólans eru 6 klst, 08:30-15:30 mánudaga til fimmtudaga. **Það er sjálfsagt að nemendur hefji störf fyrr en 20. júní hjá ykkur og vinni allt að 8 tíma á dag en mikilvægt er að nemendur fari þó aldrei yfir hámarks vinnustundir sumarsins.** Hámarks vinnustundir nemenda eru eftirfarandi: **8. bekkur 60 klst, 9. og 10. bekkur 120 klst.**

Skráning vinnustunda nemenda í Kríu

Síðastliðin ár höfum við unnið að því að taka í notkun tímaskráningakerfið Kríu fyrir nemendur Vinnuskólans. Hingað til hafið þið samstarfsaðilar okkar sent okkur vinnustundir nemenda fyrir 14. hvers mánaðar og við á skrifstofu Vinnuskólans fært tímana inn í kerfið. Við höfum tekið ákvörðun um að samstarfsaðilar sjái um að skrá vinnustundir nemenda inn í kerfið í ár og til framtíðar, líkt og flokkstjórar hafa gert síðastliðin ár fyrir hópana sína í hefðbundnu starfi. **Ferlið er einfalt og komum við til með að kynna það fyrir ykkur og aðstoða.** Við teljum að þetta fyrirkomulag muni reynast vel og koma í veg fyrir misskilning og villur í launum nemenda í samstarfsverkefnum. Leiðbeiningar varðandi að stofna aðgang að Kríu má sjá á næstu síðu.

Að stofna aðgang í Kríu fyrir stjórnendur

1. Til þess að stofna aðgang skráir þú þig inn með rafrænum skilríkjum á vinnuskoli.reykjanesbaer.is. – þú þarft ekki að gera neitt meira, mátt loka síðunni.
2. Eftir að þú hefur skráð þig inn, virkjum við á skrifstofu Vinnuskólans aðgang þinn að kerfinu, höfum samband og bókum viðtalstíma með þér varðandi framhaldið.

Ég kem til með að hafa samband aftur undir lok maí og óska eftir yfirliti yfir þá nemendur sem þið takið að ykkur í vinnu, og til að bóka viðtalstíma með samstarfsaðilum.

Endilega látið okkur vita ef þið takið ekki þátt í samstarfi með okkur í sumar.

Fyrir hönd Vinnuskóla Reykjanesbæjar
Aníta Lind Róbertsdóttir
vinnuskoli@reykjanesbaer.is

## Leiðbeiningar fyrir tímaskráningu nemenda í Kríu

Að stofna aðgang

1. Þú sem stjórnandi stofnar aðgang með því að skrá þig inn með rafrænum skilríkjum á https://vinnuskoli.reykjanesbaer.is/.
2. Skrifstofa Vinnuskóla Reykjanesbæjar skilgreinir þig sem “notandi” og “leiðbeinandi” í kerfinu, og tengir þig við þá nemendur sem verða við störf hjá þér.

Dagleg tímaskráning nemenda

1. Þú skráir þig inn með rafrænum skilríkjum á https://vinnuskoli.reykjanesbaer.is/
2. Næst ýtir þú á línurnar í efra hægra horninu
3. Næst ýtir þú á “viðvera”
4. Nú sérð þú yfirlit yfir þá nemendur sem eru við störf hjá þér
5. Til þess að skrá viðveru nemenda ýtir þú á “skrá viðveru”: Ef viðvera í verkefni þínu eru sem dæmi 6 klst á dag, koma sjálfkrafa inn 6 klst með því að skrá viðveru. Ef nemandinn vann sem dæmi aðeins 4 klst í dag, ýtir þú á nafn viðkomandi og getur þar breytt tímafjöldanum.

Valkvætt er hvort þú skráir mætingu nemenda á þennan hátt daglega, eða hvort þú færir tímana inn í Kríu seinna. Athugaðu þó að launatímabilið er 15.-14. hvers mánaðar, svo þú þarft að gæta þess að setja inn vinnustundir fyrir 15. hvers mánaðar svo þínir nemendur fái greitt. Ef þú skráir mætingu inn daglega, þarft þú ekki að hafa áhyggjur af því að skila tímunum inn fyrir ákveðna dagsetningu.

Ekki er nauðsynlegt að skrá veikindi eða leyfi í Kríu því nemendur fá veikinda daga ekki greidda. En það er þó ágætt að gera það, til þess að auðveldara sé að svara fyrirspurnum foreldra varðandi útborguð laun.

Mikilvægt er að þú sendir okkur yfirlit yfir þá nemendur sem verða við störf hjá þér, svo við tengjum þá við þig sem stjórnanda, og þú hafir aðgang að tímaskráningu þeirra.

# Tölfræði 2012 - 2022



# Framtíðarsýn

- Forvarnarstarf: virkni
- Aukin fræðsla og undirbúningur:
  sem skilar sér út í samfélagið til framtíðar
- Auka tækifæri til að efla styrkleika og áhuga ungmenna
- Flokkstjórar jákvæðir leiðtogar
- Auka sýnileika Vinnuskólans
- Jákvætt viðhorf gagnvart vinnu ungmenna



# Áskorarnir

- Annað umhverfi en skólarnir / Fjörheimar
- Krefjandi tími í lífi flestra ungmenna
- Starfsfólk er ungt og reynslulítið
- Umfangsmikið: 7 starfsstöðvar
  - 7 starfsstöðvar
  - 70-80% ungmenna
  - Allt að 600-700 ungmenni *(Tæplega 900 nemendur í 8. - 10. bekk)*
  - Allt að 35 starfsmenn
- Atvik: samskiptavandi og barnaverndarmál



# Áskorarnir

- Starfið fer alfarið fram utandyra
  - Salernisaðstaða hefur ekki verið tryggð í næsta nágrenni
  - Kaffiaðstaða ekki til staðar
  - Sími er vinnutæki flokkstjóra, hafa ekki skrifstofu
    - samskipti milli skrifstofu Vinnuskólans og flokkstjóra mikil
    - utanumhald hvað varðar mætingu ungmenna og myndataka
    - hringt í forsjáraðila ungmenna sem skila sér ekki í vinnuna





# Jákvæðir leiðtogar:
*Þjálfun og námskeið starfsfólks*

- Inngangur að Vinnuskólanum
- Mannauðsstjóri: Velkomin til starfa hjá Reykjanesbæ
- Skyndihjálp & líkamsbeiting
- Vinnuverndarnámskeið
- Samskipti, samvinna, hópefli
- Þjónusta fyrir alla: Skjólið
- Verkferlar og markmið



# NÁMSKEIÐSVIKA 5. - 9. JÚNÍ: JÁKVÆÐUR LEIÐTOGI

| Mánudagur 05.06 | Þriðjudagur 06.06 | Miðvikudagur 07.06 | Fimmtudagur 08.06 | Föstudagur 09.06 |
|---|---|---|---|---|
| 08:00 - 08:45 **Hópefli** | 08:00 - 12:00 **Skyndihjálparnámskeið** | 08:00 - 09:30 **Barnavernd** | 08:00 - 09:00 **Sértækar stuðningsþarfir** | 08:00 - 12:00 **Fyrirlestur frá KVAN** |
| 08:45 - 09:00 **Nestishlé** | | 09:30 - 10:00 **Nestishlé** | 09:00 - 09:30 **Hópefli** | |
| 09:00 - 10:00 **Inngangur að Vinnuskóla** | | 10:00 - 11:00 **Símanotkun** | 09:30 - 10:00 **Nestishlé** | |
| 10:00 - 11:00 **Workplace og Kría** | | 11:00 - 12:00 **Samskipti** | 10:00 - 11:00 **Fyrirlestur frá sálfræðing** | |
| 11:00 - 12:00 **Hádegishlé** | 12:00 - 13:00 **Hádegishlé** | 12:00 - 13:00 **Hádegishlé** | 11:00 - 11:30 **Ígrundun: jákvæður leiðtogi** | |
| 12:00 - 12:30 **Mannauðsstjóri** | 13:00 - 15:00 **Vinnuvernd** | 13:00 - 14:00 **Vinnustofa um markmið** | 11:30 - 12:30 **Hádegishlé** | |
| 12:30 - 14:30 **Verklegt starf og verkferlar** | | 14:00 - 14:15 **Verklegt starf og verkferlar** | 12:30 - 16:00 **Beðahreinsun og undirbúningsfundir hjá hverjum skóla fyrir sig** | |
| 14:30 - 16:00 **Ígrundun: jákvæður leiðtogi** | 15:00 - 16:00 **Ígrundun: jákvæður leiðtogi** | 14:15 - 16:00 **Ígrundun: jákvæður leiðtogi** | | |

# Forvarnardagur fyrir ungmenni - ÚT Í LÍFIÐ

**Örstöðvadagur** (ungmennaþing)

- Fræðsla:
  - Reglur og gildi á vinnumarkaði
  - Fjármál og réttindi
  - Samfélagsmiðlar
  - Samskipti og kynfræðsla

**Forvarnardagur – Vespur og rafhlaupahjól**





# "Við erum öll í þessu saman"

Spurningar?